

Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um réttindi starfsfólks á einkaheimilum.

Frá Þuríði Backman.

1. Telur ráðherra að lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, eigi við um starfsfólk sem sinnir umönnunarstörfum á einkaheimilum?
2. Ef svo er, hvernig telur ráðherra unnt að tryggja að lögunum sé framfylgt í tengslum við umönnun sjúklinga í heimahúsum?
3. Telur ráðherra koma til greina að gera sérstakt áhættumat vegna einstakra verkefna í heimahjúkrun?
4. Hver eru réttindi starfsfólks varðandi álag og slæman aðbúnað við umönnunarstörf ef:
 - a. sjúklingur hafnar notkun viðeigandi hjálpartækis,
 - b. ef ekki er hægt að koma hjálpartæki við?
5. Kemur ef til vill til álita að setja sérreglur um heimahjúkrun, líkt og gert var í Svíþjóð 1990?

Skriflegt svar óskast.